

29.apríl 2020
Foreldraráð Leikskólans

Mættir: Sigrún Þórsteinsdóttir leikskólastjóri, Anna Hallgrímsdóttir, Martin Markvoll, Þóra Margrét Birgisdóttir

Leikskólinn á tímum COVID19 – Sigrún fór yfir stöðuna í leikskólanum. Starfið hefur gengið mjög vel og hafa allir verið samtaka í því að vinna þetta verkefni. Sigrún hefur ekki farið inn á deildir síðan leikskólanum var skipt upp. Stefnt er að því að opna meira á milli deilda eftir 4.maí en halda heimsóknnum fullorðinna í lágmarki og fjölda fullorðinna í fataklefum.

Opið hús sem átti að vera 30.apríl fellur niður en möguleikar ræddir um hvernig hægt er að sýna vinnu nemenda ræddar innan starfsmannahópsins. Hugmyndir eins og setja í gluggana í leikskólanum, vera með úti á lóðin og sýna í útskrift hafa verið ræddar.

Útskrift – Verður í kirkjunni í lok maí. Það er leyfilegt að 50 fullorðnir komi saman + börn. Í kirkjunni er gott pláss til að dreifa vel úr sér.

Atvinnuskapandi verkefni – Hugmynd að færa úti eldhúsið þar sem það nýtist betur fyrir krakkana og búa til skemmtilegt svæði í kringum það.

Aðhalds aðgerðir – Hugmyndir um að fresta styttingu á sumarlokun um eitt ár og loka leikskólanum klukkan 16:15 á daginn.

Önnur mál – Lífið og tilveran og tilhlökkun um það sem koma skal eftir 4.maí